Fimmtudaginn 5. maí 1983.

Nr. 94/1983. **Ákæruvaldið**
**gegn**
**Pétri Blöndal Gíslasyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

## Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Guðmundur Jónsson og Sigurgeir Jónsson.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið málinu til Hæstaréttar með kæru 29. apríl 1983, sem barst Hæstarétti 2. maí s. á. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákæruvalds er þess krafist, að úrskurðurinn verði staðfestur.

Ranssókn máls þessa er á frumstigi. Þykja rannsóknarnauðsynjar bjóða, að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi. Ber að svo vöxnu að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

**Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 29. apríl 1983.**

Ár 1983, föstudaginn 29. apríl, var á dómþingi sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, sem haldið var að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af Guðjóni St. Marteinssyni fulltrúa við undirritaða votta, kveðinn upp úrskurður þessi.

*Málsatvik.*

Í gærdag var lagt hald á verulegt magn fíkniefna við húsleit að Framnesvegi 18 hér í borg. Þar voru handteknir húsráðandinn, Bóas Bergsteinsson, og Pétur Blöndal Gíslason, er þar hefur haft aðsetur síðustu daga.

Pétur Blöndal Gíslason var í gærdag handtekinn í þriðja skipti frá 14. apríl sl. og í öll skiptin með fíkniefni í fórum sínum. Hafa efni þau, er Pétur hefur verið tekinn með, gefið jákvæða niðurstöðu í prófunum fyrir kókaíni, amfetamíni (speed) og hassi, sjá dómskjal nr. 1.

Pétur Blöndal hefur um langt árabil verið viðriðinn dreifingu og aðra

meðferð ávana- og fíkniefna. Frá því Pétur losnaði úr refsivist í lok janúar sl., hefur hann m. a. haldið í eina skemmtiferð til útlanda og svo sem rakið var, verið handtekinn þrisvar með fíkniefni í fórum sínum, sem söluandvirði gæti numið tugum þúsunda króna.

Pétur hefur enga grein gert fyrir fjármögnun utanferðar sinnar og heldur ekki greint frá, hvaðan efnin, er á honum fundust, eru komin. Þá hefur Pétur borið af sér að eiga efni þau, er fundust í vistarverum hans að Framnesvegi 18 í gærdag.

Inga Rún Pálmadóttir hefur borið hjá lögreglu að hafa heyrt þá Bóas Bergsteinsson og Pétur Blöndal Gíslason ræða saman um fíkniefni, en farið leynt með.

*Niðurstöður.*

Svo sem rakið hefur verið, þá hefur Pétur Blöndal borið af sér sakir varðandi meint fíkniefnamisferli og kveðst ekki kannast neitt við fíkniefni þau, er fundust að Framnesvegi 18 í gærdag. Allsterkar líkur benda til, að Pétur Blöndal hafi ofan af sér (sic) með sölu fíkniefna, og benda efni þau og umbúðir, er fundist hafa undanfarið, til þess.

Pétur Blöndal hefur margoft komið við sögu sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum og einnig hjá fíkniefnadeild lögreglu, sjá dómskjal nr. 13.

Brotaferill Péturs er slíkur, að segja má, að hann hafi lagt í vana sinn að fremja brot þeirrar tegundar, er hér um ræðir, sbr. 72. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Rannsókn máls þessa beinist að meintum brotum Péturs Blöndal Gíslasonar á lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974. Gæti sök, ef sönnuð þætti, varðað Pétur fangelsisrefsingu, og eru því ákvæði 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 eigi í vegi fyrir beitingu gæsluvarðhalds í máli þessu.

Eftir er að yfirheyra Pétur mun ítarlegar og fleiri vitni og samseka, er málinu kunna að tengjast. Þykir því nauðsyn bera til vegna rannsóknarinnar, sem er á frumstigi, að Pétur sæti gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar málsins og koma þannig í veg fyrir, að sakargögn spillist.

Vísast til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 í þessu sambandi.

Þykir gæsluvarðhaldstíminn hæfilega afmarkaður sem allt að 14 dögum frá kl. 1330 í dag að telja.

Úrskurðarorð:

Pétur Blöndal Gíslason, fæddur 23. september 1958, skal sæta gæsluvarðhaldi í allt að 14 dögum frá kl. 1330 föstudaginn 29. apríl 1983 að telja.